



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2014  
Tilvísun: 201312-0001 / IS/is

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi – 143. löggjafarþing 2013-2014. Þingskjal 244 – 196. mál

Vísað er til fyrri umsagnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, dags. 28. nóv. 2011, þegar tillagan var lögð fram á 140. þingi. Tekið er undir markmið tillögunnar sem fram kemur í greinargerð, en það er annarsvegar að koma í veg fyrir að menningarverðmæti glatist eða eyðileggist (skráning og varðveisla) og hins vegar að auðvelda fólki aðgang að menningarverðmætum sem er að finna á stafrænu formi (miðlun og aðgengi).

Ljóst er að magn íslensks efnis á stafrænu formi eykst verulega ár frá ári og það er því orðið aðkallandi að marka heildstæða stefnu, m.a. til að tryggja öryggi og samræmi í þessum málaflokki. Stafrænt efni skiptist í stafrænar endurgerðir (digitized material) af efni sem varð til fyrir stafrænu byltinguna og svo stafrænt efni eða efni sem verður til stafrænt (born digital material). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur unnið að stafrænni endurgerð um árabíl en hefur einng safnað stafrænu efni og varðveitir báðar gerðir. Efnið er varðveitt í heild, bæði í safninu og í öruggri gagnageymslu utanhúss. Á þeim tíma sem unnið hefur verið með stafræna efnið hefur verið skipt um geymslumiðla, frá tölvudiskum, til segulbanda og til netþjóna og nokkur mismunandi birtingar- eða útgáfuform hafa orðið til, í mismunandi gæðum og fyrir mismunandi tækjabúnað. Það er sífellt úrlausnarefni að uppfæra efnið á ný snið og fylgjast með því að það sé aðgengilegt og hæft til notkunar. En stafrænt efni þarf nánast gjörgæslu vegna síbreytilegrar tækni, eins og segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Stafræn endurgerð er tímafrek og kostar fjármuni og því er mikilvægt að marka stefnu m.a. um hvaða íslenskt efni verður unnið með, forgangs röðun og hvernig efnið verður gert aðgengilegt. Mikilvægt er að efni sem er utan höfundaréttar sé aðgengilegt fyrir almenning og að það sé opið til endurnotkunar fyrir aðra en stofnunina sem varðveitir það. Semja þarf um aðgang að efni í höfundarrétti og í því sambandi er bent á norska verkefnið bokhylla.no sem fyrirmynd. Varðandi efni sem verður til stafrænt, þarf einnig að marka stefnu um hvaða efni eigi að safna og hvernig notendur geti nálgast það.

Í báðum tilvikum þarf að gera kröfur um staðlaða skráningu lýsigagna, geymsluaðferðir, öryggismál og aðgengi. Gera þarf spá um magn og taka saman tölur um kostnað og koma á samstarfi þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Þá þarf að gera ráð fyrir gagnageymslum og að tekin verði í notkun öflug umsýslu og öryggiskerfi.

Safnið hefur tekið þátt í erlendu samstarfi á þessu sviði um árabíl, en áhugi er fyrir að læra meira, en þetta er sameiginlegt verkefni flestra menningarstofnana í heiminum. Hvetja þarf starfsfólk íslenskra menningarstofnana til að taka þátt í stafrænum samstarfsverkefnum og til að afla sér nauðsynlegrar menntunar á þessu sviði.

Því er tekið undir að sett verði fram markviss, heildstæð og metnaðarfull stefna um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi, eins og segir í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir  
landsbókavörður